

# ÁRSSKÝRSLA

## Rannsóknamiðstöðvar ferðamála 2024



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA

ICELANDIC TOURISM  
RESEARCH CENTRE



© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2025

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Norðurslóð 2 (E-hús - 206), IS-600 Akureyri  
Rafpóstur: [rmf@rmf.is](mailto:rmf@rmf.is)  
Veffang: [www.rmf.is](http://www.rmf.is)

Titill: Ársskýrsla Rannsóknamiðstöðvar ferðamála 2024  
Ritstjóri: Vera Vilhjálmisdóttir  
Prentun: Akureyri: Ásprent Prentmet Oddi ehf.

ISSN 2772-1043 (prentuð útg.)  
ISSN 2772-1051 (rafræn útg.)

Forsíðumynd: Vetrarganga á Búðum, Snæfellsnesi © Vera Vilhjálmisdóttir  
Aðrar myndir nema annað sé tekið fram: © Starfsfólk RMF

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

# Efnisyfirlit

|                                  | Bls. |
|----------------------------------|------|
| Ávarp stjórnarformanns           | 1    |
| RMF 2024                         | 3    |
| Um RMF                           | 4    |
| Aðalfundur stjórnar              | 5    |
| Rannsóknarverkefni               | 7    |
| Viðburðir                        | 13   |
| Lokaverkefnisverðlaun SAF og RMF | 15   |
| Rannsóknasamstarf                | 17   |
| Útgefið efni                     | 19   |
| Fyrirlestrar og erindi           | 20   |
| Rekstrarreikningur ársins 2024   | 21   |

# Ávarp stjórnarformanns



Þórhallur Örn Guðlaugsson

Ísland er einn af þeim áfangastöðum sem ferðafólk hefur úr að velja hverju sinni. Ferðapjónusta á Íslandi hefur þróast hratt á síðustu þremur áratugum og gert landið að áhugaverðum áfangastað sem þekktur er fyrir óspillta náttúru, fallegt og ögrandi landslag sem og margvíslegar menningartengdar upplifanir. Vöxturinn hefur verið knúinn áfram að markvissu markaðsstarfi, auknu aðgengi að lággjaldaflugfélögum sem fljúga til landsins og vaxandi áhuga á sjálfbærri og reynslumiðaðri ferðamennsku. Margir eru þó að róa á þessi sömu mið.

Rannsóknir á íslenskri ferðapjónustu hafa vaxið undanfarin ár þó svo að sá vöxtur sé í litlu samræmi við þann vöxt sem átt hefur sér stað í fjölda ferðamanna. Við það myndast augljóst þekkingargap sem haft getur í för með sér slæmar afleiðingar til lengri tíma lítið. Rannsóknirnar sem stundaðar eru beinast einkum að efnahagslegum, umhverfislegum og samfélagslegum þáttum. Greining á efnahagslegum þáttum sýnir að ferðapjónusta er nú burðarás í íslensku hagkerfi þar sem framlag til atvinnusköpunar og landsframleiðslu er umtalsvert. Þessi breyting hefur verið hvað mest sl. 15 ár eða svo.

Rannsakendur hafa þó bent á áskoranir sem fylgja þeim mikla vexti sem átt hefur sér stað, árstíðabundnum sveiflum og álagi á innviði. Dálítið er í tísku að tala um innviðaskuld íslenskra stjórnvalda en ljóst má öllum að sú staða er til staðar í ferðapjónustu. Umhverfisrannsóknir leggja áherslu á mikilvægi þess að varðveita viðkvæm vistkerfi Íslands í ljósi aukinnar umferðar um landið. Má þar nefna jarðvegseyðingu, kolefnisfótspor og meðhöndlun úrgangs svo dæmi sé tekið en allt eru þetta rannsóknir sem tengjast áhuga á að þróa sjálfbæra ferðapjónustustefnu. Samfélagslega beinast rannsóknir einkum að áhrifum ferðapjónustu á þjóðarvitund, byggðalög og þjóðmenningu. Niðurstöður benda til þess að ferðapjónusta sem slík geti bæði aukið menningartengsl og eftt dreifbýli en einnig skapað togstreitu innan samfélagsins.

Niðurstöður rannsókna benda einnig til þess að til staðar sé aukinn áhugi á samfélagsmiðaðri ferðapjónustu sem styrkir íbúa, samfélög og menningarlega stöðu áfangastaðarins. Nýjar rannsóknir beina sjónunum gjarnan að notkun tækni, s.s. sýndarveruleika, snjall lausna og gervigreindar, til að bæta upplifun ferðamanna og draga úr neikvæðum áhrifum. Í því felast að sjálfsögðu tækifæri en einnig áskoranir. Loftslagsbreytingar eru einnig sífellt stærra viðfangsefni og í ljósi staðsetningar skiptir sú umræða ferðapjónustu á Íslandi miklu máli.

Þrátt fyrir ólíkar rannsóknir á ferðapjónustu og nálganir þá virðast rannsakendur nokkuð sammála um að verulega þarf að auka fé til rannsókna. Ferðapjónustan stendur höllum fæti hvað aðrar atvinnugreinar varðar og því er mikilvægt að í þeirri vinnu sem í gangi er varðandi mótun rannsóknarstefnu fyrir ferðapjónustu sé gert ráð fyrir umtalsvert auknu fé til málaflöksins. Vissulega er það svo að hverjum þykir sín grein mikilvæg, og jafnvel mikilvægust, en varla er hægt að neita því að aðgengi rannsókna í greininni að fjármagni er afar takmarkað. Til að breyta þessu þarf kerfislega breytingu sem gerir rannsóknum í ferðapjónustu jafn hátt undir höfði og ýmsum öðru greinum. Því er horft vonaraugum til þeirrar stefnu sem í mótun er.

Fyrir hönd stjórnar þakka ég öllu starfsfólki RMF fyrir mjög góð störf á árinu og þakka lærdómsríkt og ánægjulegt samstarf. Án ykkar væri þessi starfsemi einfaldlega ekki til.

Dr. Þórhallur Örn Guðlaugsson, prófessor  
Stjórnarformaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála (RMF)



Ellidaá í Elliðaárdal, Reykjavík

# RMF 2024



Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

Árið 2024 markaði 25 ára afmæli Rannsóknamiðstöðvar ferðamála, afmælinu var reyndar ekki gert hátt undir höfði og starfsemi ársins var með nokkuð hefðbundnu sniði. Sem fyrr fólst megin þungi starfsins í umsóknarvinnu, undirbúningi rannsóknaverkefna, gagnasöfnun, úrvinnslu, skýrsluskrifum og kynningu niðurstaðna. Starfsfólk RMF kom að fjölbreyttum rannsóknarverkefnum, miðlaði niðurstöðum sínum á innlendum sem erlendum ráðstefnum og fundum og tók þátt í samstarfi rannsakenda á ýmsum sviðum.

RMF býr að því að vera samstarfsverkefni þriggja háskóla eða Háskóla Íslands, Háskólans á Hólum og Háskólans á Akureyri. Háskólarnir eru mikilvægar stoðir fyrir starfsemi RMF og um leið gegnir RMF mikilvægu hlutverki í eflingu samstarfs og samvinnu þessara stofnana á sviði rannsókna í ferðamálaum. Í því samhengi efndi RMF á vormánuðum til tveggja funda annars vegar við Háskóla Íslands og hins vegar við Háskólann á Hólum undir yfirskriftinni Samtal um rannsóknir. Auk rannsakenda á sviði ferðamála í skólunum tveimur komu á fundinn þau Arnar Már Ólafsson ferðamálastjóri og Heiðrún Erika Guðmundsdóttir, forstöðumaður rannsókna- og tölfræðisviðs Ferðamálastofu. Fundir sem þessir eru þýðingarmiklir til þess að efla tengsl og traust milli þeirra sem að ferðamálarannsóknum koma og geta þannig stuðlað að markvissara rannsóknarsamstarfi og miðlun þekkingar.

Á árinu endurnýjuðu háskólarnir þrír samning sinn um RMF og voru gerðar lítilsháttar breytingar frá fyrri samningi. Þannig var fækkað í stjórn um tvo fulltrúa og eru nú fimm aðilar í stjórn, einn frá hverjum háskóla, auk fulltrúa Samtaka ferðapjónustunnar og Ferðamálastofu. Nýr samningur tekur gildi 1. janúar 2025. Við endurnýjun samnings kom fram mikill velvilji rektoranna þriggja í garð RMF og ánægja með þennan samstarfsvettvang skólanna. Skólarnir þrír og Ferðamálastofa eru einnig bakhjarlar hins nýja fræðitímarits *Ferðamál á norðurslóðum*. Fyrstu greinar tímaritsins birtust á árinu og einnig voru sett í loftið köll eftir greinum í tvö sérhefti: annars vegar um nærandi ferðapjónustu á norðurslóðum og hins vegar sérhefti sem tengist áttundu ráðstefnu Samtaka um ferðamálarannsóknir á norðurslóðum (IPTRN).

Breytingar á starfsmannahaldi voru óverulegar; Þórný Barðadóttir kom aftur í fullt starf eftir að hafa verið í hlutastarfi um þriggja ára skeið og Ása Marta Sveinsdóttir kom úr fæðingarorlofi seinni hluta árs. Þá naut RMF starfskrafta Irene Carbone, starfsnema frá Ítalíu um þriggja mánaða skeið og var hún staðsett á skrifstofunni á Akureyri. Auk þess voru tveir nemendur, þeir Junyan Chen og Liuchao Feng frá Prince Edward háskóla í Kanada í stafrænu starfsnámi yfir sumarið. Nokkur eftirsókn er eftir því meðal erlendra nemenda að koma í starfsnám til RMF til lengri eða skemmri tíma og er reynslan af því að hýsa starfsnema nokkuð góð. Í gegnum starfsnema fæst oft dýrmæt innsýn inn í málefni ferðapjónustunnar í ólíkum löndum, áherslur og úrlausnarefni. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það dýrmæti sem býr í mannauð RMF og mikilvægi þess að ákveðinn stöðugleiki ríki í mannahaldi.

Það tekur tíma að byggja upp þekkingu og skilning á hinum ólíku viðfangsefnum ferðamálafræðinnar og reynsla og samfella í störfum skiptir þar lykil máli. Um leið ber að horfast í augu við það að RMF er lítill starfseining og getur því ekki eitt og sér tekið á öllum þeim fjölbreyttu áskorunum sem við Íslandi blasa á sviði ferðamála og rannsóknarinnviða. Til að mynda skoraði stjórn RMF á stjórnvöld árið 2020 að efla rannsóknir á sviði ferðamála til að tryggja mætti sjálfbæra nýtingu þeirra viðkvæmu auðlinda sem ferðapjónusta byggir á og stuðla að aukinni verðmætasköpun í greininni. Því miður er staðan sú að framlög til ferðamálarannsókna eru enn hverfandi samanborið við aðrar lykilatvinnugreinar þjóðarinnar. Brýnt er að hafa það í huga að ferðapjónusta er mannanna verk sem hægt er að stjórna og stuðla þannig að því að hún verði jákvætt afl fyrir íslenskt samfélag. Þekkingarsamfélagið gegnir hér lykilhlutverki. Við þurfum stöðugt að spyrja spurninga, afla þekkingar og taka ákvarðanir með upplýstum hætti á grunni fræðilegrar vitneskju og traustra gagna.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir  
Forstöðumaður RMF

# Um RMF

RMF – Rannsóknamiðstöð ferðamála – er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum. RMF er starfrækt af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Hólum í samstarfi við Samtök ferðaþjónustunnar og Ferðamálastofu.

Stefna RMF er að efla rannsóknir og skilning á áhrifum ferðamennsku á hagkerfi, samfélag og umhverfi. Öflugar rannsóknir eru forsenda markvissrar stefnumótunar, áætlunargerðar og markaðssetningar í greininni. Markmið RMF er að skapa þekkingargrunn sem byggir undir og styður við ábyrga ferðaþjónustu og ferðamennsku.

## Markmið RMF eru að:

- efla og bæta rannsóknir í ferðamálum á Íslandi
- stuðla að samvinnu háskólanna sem að miðstöðinni standa á sviði ferðamála
  - efla samstarf og samtal við atvinnugreinina og aðra hagsmunaaðila
- stuðla að samstarfi innlendra og erlendra rannsækenda á sviði ferðamála
  - gefa út skýrslur og miðla niðurstöðum rannsókna í ferðamálafræðum
  - gangast fyrir ráðstefnum og fyrirlestrum í ferðamálafræðum

Aðalskrifstofa RMF er við Háskólann á Akureyri en frá árinu 2012 hefur RMF einnig haft skrifstofu við Háskóla Íslands.



Aðalskrifstofa RMF er við Norðurslóð 2 í E-húsi



Skrifstofa RMF í Reykjavík er á 2. hæð í Tæknigarði, húsi Háskóla Íslands.

## Starfsfólk RMF

- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður 100%
- Ása Marta Sveinsdóttir, sérfræðingur fæðingarorlof janúar - september, 80% október - desember
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur 100%
- Íris Hrund Halldórsdóttir, sérfræðingur 50%
- Vera Vilhjámsdóttir, sérfræðingur 100%
- Þórný Barðadóttir, sérfræðingur 100% janúar - maí, 75% júní - desember


## Starfsnemar RMF 2024



Irene Carbone,  
Háskólinn í Bologna,  
Ítalíu



Junyan Chen Liuchao,  
Prince Edward Island  
Háskólinn, Kanada



Leo Feng,  
Prince Edward  
Island Háskólinn,  
Kanada

**Stjórn RMF**

Í árslok 2024 sátu í stjórn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála:

- Þórhallur Örn Guðlaugsson, frá Háskóla Íslands, formaður stjórnar
- Rannveig Ólafsdóttir, frá Háskóla Íslands
- Bragi Guðmundsson, frá Háskólanum á Akureyri
- Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, frá Háskólanum á Akureyri
- Ingibjörg Sigurðardóttir, frá Háskólanum á Hólum
- Unnur Svavarsdóttir, frá Samtökum ferðaþjónustunnar
- Heiðrún Erika Guðmundsdóttir, frá Ferðamálastofu

Stjórnarfundir voru 5 á árinu.

## Aðalfundur stjórnar

Aðalfundur RMF fór fram þriðjudaginn 3. september í Háskóla Íslands. Fyrir fundinn heimsóttu stjórn og starfsfólk Jón Atla Benediktsson rektor HÍ og Ingibjörgu Gunnarsdóttur aðstoðarrektor vísinda og ræddu við þau um hlutverk RMF og háskólanna í þróun og rannsóknum í ferðamálum.

Að heimsókn lokinni var gengið yfir í Gimli þar sem Inga Hlín Pálsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins, hélt erindi um áskoranir, sýn og stefnu markaðsstofunnar í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Gunnar Þór Jóhannesson, prófessor í ferðamálafræði við HÍ, fylgdi á eftir með umfjöllun um framtíð rannsókna í ferðamálafræði og samstarf háskólanna og RMF.

Á aðalfundinum kynnti Guðrún Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður RMF ársskýrslu 2023 og starfsáætlun ársins 2024. Harpa Halldórsdóttir sérfræðingur fjármálagreininga hjá HA kynnti ársreikning RMF 2023. Auk stjórnar og forstöðumanns sátu Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Vera Vilhjálmsdóttir sérfræðingar RMF fundinn.

Tvær breytingar urðu í stjórn. Samtök ferðaþjónustunnar tilnefndu Unni Svavarsdóttur eiganda og framkvæmdastjóra GoNorth í stjórn. Þá tók Heiðrún Erika Guðmundsdóttir, forstöðumaður rannsókna og þekkingar hjá Ferðamálastofu, sæti í stjórn fyrir Ferðamálastofu. Tók hún við af Oddnýju Þóru Óladóttur sem hafði setið í stjórn RMF fyrir hönd Ferðamálastofu frá árinu 2010, lengst allra í sögu RMF. Stjórn og starfsfólk þökkðu Oddnýju fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf.



Stjórn og starfsmenn RMF á fundi með Jón Atla Benediktssyni, rektor HÍ og Ingibjörgu Gunnarsdóttur aðstoðarrektor vísinda í Aðalbyggingu HÍ



Gunnar Þór Jóhannesson fjallaði um framtíð rannsókna í ferðamálafræði



Inga Hlín Pálsdóttir ræddi um stefnu Markaðsstofu Höfuðborgarsvæðisins

## Fræðsluferð RMF á Snæfellsnesið

Rannsóknamiðstöð ferðamála fór í ferðalag um Snæfellsnesið dagana 5.-6. desember.

Í ferðinni heimsótti RMF Miðhraun Lava Resort, Gestastofu Snæfellsnes, nýju Þjóðgarðsmiðstöðina á Hellissandi og Sögumiðstöðina í Grundarfirði. Hópurinn gisti og borðaði góðan mat á Langaholti og áður en kvöldmat var snæddur hafði hópurinn fengið sögugöngu um Búðir og Búðakirkju með Sagnaseið.

RMF þakkar kærlega fyrir góðar móttökur!



Frá efst til hægri: 1) RMF-liðar með jökulinn í baksýn, 2) Hákon Ásgeirsson, Þjóðgarðsvörður segir frá starfinu í Snæfellsjökulþjóðgarði, 3) Búðakirkja í vetrarham, 4) Dagbjört Dúna Rúnarsdóttir, sögufylgja, leiddi RMF konur um sögu Búða, 5) Ragnhildur Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Svæðisgarðsins, sagði frá uppbyggingu ferðaþjónustu á Snæfellsnesi

# Rannsóknaverkefni



Malarvegur á Norðurlandi

## Akstursferðamennska um fáfarnar slóðir

Rannsóknamiðstöð ferðamála hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar í ársbyrjun 2024 til að vinna rannsókn á akstri ferðamanna um skilgreindar ferðamannaleiðir í dreifbýli. Rannsóknin er ákveðið framhald rannsóknar sem RMF vann árið 2023 og var styrkt af sama sjóði en sú beindist að hlutverki Vegagerðarinnar í uppbyggingu ferðamannastaða.

Rannsóknin hverfist um hugtökin akstursferðamennska, ferðamannaleiðir og leiðahefð. Fræðileg forsenda rannsóknarinnar byggir á mikilvægi samgöngumannvirkja í uppbyggingu ferðapjónustu og leiðahefð, þá jafnt umferðar ferðamanna sem opinberra fjárfestinga í samgöngumálum. Rannsóknin beindist jafnframt að hlut markaðssettra ferðamannaleiða í dreifingu ferðamanna og gerð og ástandi vegakerfis í vali ferðamanna á ferðaleiðum. Rannsóknasvæðin eru Melrakkaslétta og Vatnsnes sem bæði eru á nýrri ferðamannaleið, Norðurstrandarleið. Rannsóknin var framkvæmd með spurningakönnun og örviðtölum við ferðamenn á könnunarsvæðunum auk þess sem gerð var innihaldsgreining mynda á samfélagsmiðlum sem merktar eru rannsóknasvæðunum. Gagnasöfnun fór fram sumarið 2024 og rannsókninni líkur með skýrslu sem mun koma út vorið 2025.

Verkefnastjóri er Þórný Barðadóttir.

## Ábyrg eyjaferðapjónusta

Rannsóknamiðstöð ferðamála hlaut styrk úr Vísindasjóð Háskólans á Akureyri í ársbyrjun 2023 til þess að vinna að rannsóknaverkefni á ábyrgri eyjaferðapjónustu í Hrísey og Grímsey. Rannsóknin var unnin í samstarfi við ferðamáladeild Háskólans á Hólum.

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna eðli og áhrif ferðapjónustu/-mennsku í Hrísey og Grímsey með þeim tilgangi að leggja grunn að gerð sjálfbærrar áfangastaðaáætlunar fyrir eyjarnar tvær. Áhersla var lögð á að rýna í þróun ábyrgar ferðamennsku og ferðapjónustu í tengslum við sjálfbæra uppbyggingu eyjanna sem áfangastaðar ferðamanna. Rannsóknin byggir á rýnihópaviðtölum, spurningakönnunum meðal heimamanna og ferðamanna, ásamt GPS-rakningu ferðamanna. Verkefninu lauk vorið 2024 með útgáfu á skýrslu með öllum helstu niðurstöðum sem má nálgast [á vef RMF](#).

Ása Marta Sveinsdóttir fór með umsjón verkefnis, ásamt Guðrúnu Þóru Gunnarsdóttur.



Við höfnina í Hrísey



Stóri Meitill. Mynd Ása Ögmundsdóttir

## Áhrif framkvæmda við Hverahlíð II og Meitla á ferðapjónustu og útivist

Rannsókn á ferðapjónustu- og útivistarnotkun í Hverahlíð II og Meitlum í tengslum við umhverfismat á framkvæmd nýrra rannsóknar- og vinnsluhola á svæðinu. Verkkaupi var Orkuveita Reykjavíkur, RMF stýrði verkefninu en Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) kom inn í þann hluta sem snéri að útivist.

Rannsóknin fólst í að kortleggja hvernig svæðið er nýtt af ferðapjónustu- og útivistaraðilum og meta möguleg áhrif framkvæmda á notkunina. Gagnaöflun rannsóknarinnar byggðist bæði á greiningu á fyrirbyggjandi gögnum ásamt öflun frumgagna sem fólst í því að taka viðtöl við hagaðila innan ferðapjónustu og útivistar. Viðmælendur voru m.a. ferðapjónustuaðilar sem eiga hagsmuna að gæta á áhrifasvæðinu, fulltrúar úr stoðkerfi ferðapjónustunnar, ásamt einstaklingum og forsvarsmönnum hópa eða félaga sem nýta svæðið til útivistar.

Verkefnið hófst í desember 2023 og lauk í mars 2024. RMF gaf út skýrslu með helstu niðurstöðum sem hægt er að nálgast [á vef RMF](#).

Verkefnastjóri f.h. RMF var Vera Vilhjálmisdóttir en auk hennar kom Hjalti Jóhannesson, sérfræðingur RHA, að útivistarhluta verkefnisins.



Upplýsingaskilti Landsvirkjunar

### Áhrif orkuvinnslu á upplifun ferðamanna á Blöndu- og Þjórsárvæðum

Rannsókn sem Rannsóknamiðstöð ferðamála vann fyrir Landsvirkjun á áhrifum orkuvinnslu á upplifun ferðamanna á svæðunum í kringum Blönduvirkjun og Þjórsárvirkjun. Markmið rannsóknarinnar var að meta áhrif virkjana og tengdra mannvirkja á upplifun þeirra sem ferðast um svæðin. Gagnasöfnun fór fram með spurningakönnun meðal ferðamanna á völdum stöðum Blöndu- og Þjórsárvæða.

Niðurstöður könnunarinnar voru bornar saman við niðurstöður fyrri nýlegra kannana á virkjanasvæðum hérlandis. Má þar nefna kannanir sem unnar voru af RMF sumarið 2017 við Kröflu, á Þeistareykjum og á Hengli. Einnig voru niðurstöður skoðaðar í samanburði við könnun sem unnin var fyrir Landsvirkjun á Blöndusvæði 2016. Niðurstöður kannana frá 2015 sem gerðar voru á sjö stöðum til umfjöllunar í rammaáætlun III voru einnig hafðar til hliðsjónar. Tveimur skýrslum með niðurstöðum rannsóknarinnar var skilað inn til verkkaupa í árslok 2024.


Íris Hrund Halldórsdóttir og Þórný Barðadóttir höfðu umsjón með verkefninu fyrir hönd RMF.

### Er ferðaþjónusta málið? Greining á hlutverki Vegagerðarinnar í sjálfbærri uppbyggingu áfangastaða og ferðamannaleiða á Íslandi

RMF hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar í ársbyrjun 2023 til að kanna hlutverk Vegagerðarinnar í uppbyggingu og þróun ferðamannaleiða og áfangastaða á Íslandi. Rannsóknin beindist að þróun þriggja ferðamannaleiða á Íslandi með áherslu á þróunarferlið, hlutverk ólíkra hagaðila og upplifun þeirra af samstarfi. Sérstök áhersla var lögð á hlutverk Vegagerðarinnar og þær áskoranir sem fylgja uppbyggingu og viðhaldi leiðanna og ávinninginn fyrir mismunandi hagaðila. Rannsóknin byggði á viðtölum við fulltrúa Vegagerðarinnar, markaðsstofa landshlutanna og sveitarfélaga/samtaka sveitarfélaga.

Rannsókninni lauk í febrúar 2024 með útgáfu lokaskýrslu sem hægt er að nálgast [á vef RMF](#). Niðurstöður rannsóknarinnar voru kynntar á Rannsóknaráðstefnu Vegagerðarinnar í nóvember 2024.

Verkefnisstjóri var Guðrún Þóra Gunnarsdóttir en Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Ása Marta Sveinsdóttir sérfræðingar RMF sáu um undirbúning rannsóknar, gagnaöflun, úrvinnslu gagna og skýrsluskrif.



Vegaskilti

### Heimafólk og ferðamannaleiðir. Aðkoma og sýn heimamanna við uppbyggingu ferðamannaleiða

Rannsókn á aðkomu og sýn heimafólks á uppbyggingu ferðamannaleiða þar sem forsendan er samfélagslegir þættir ferðamannaleiða sem fara um jaðarsvæði íslenskrar ferðaþjónustu. Verkefnið var styrkt af Bygðarannsóknasjóði og unnið í samvinnu við Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV).

Rannsóknin snéri að tveimur dreifbýlum svæðum á nýrri ferðamannaleið, Norðurstrandarleið sem beinir ferðamönnum um hina 900 km löngu strandlengju Íslands. Rannsóknasvæðin voru Vatnsnes og Melrakkaslétta þar sem ferðamenn fara að hluta um einhver dreifbýlustu svæði landsins og ferðast til þess um jafnt uppbyggða sem fábrotta og lítt viðhaldna malarvegi.

Tilgangur rannsóknar var að fanga sýn heimafólks á tilurð Norðurstrandarleiðar og aðkomu þeirra í aðdraganda markaðsetningar leiðarinnar. Rannsóknin leitast einnig við að fanga sýn heimafólks á áhrifum og möguleikum leiðarinnar til mögulegrar atvinnuuppbyggingar í ferðaþjónustu og tengdum greinum. Rannsóknin var framkvæmd með netkönnun og könnunarviðtölum við heimafólk sumar og haust 2024 og lýkur með skýrslu sem kemur út vorið 2025.

Verkefnastjóri er Þórný Barðadóttir.



Akureyrarflugvöllur

### Landamæraðkönnun á Akureyrarflugvelli

Könnun unnin fyrir Isavia í samstarfi við Markaðsstofu Norðurlands og Austurbrú. Könnunin er lögð fyrir erlenda ferðamenn í beinu millilandaflugi frá Akureyri til Bretlandseyja, Hollands og Sviss. Markmið könnunarinnar er að safna upplýsingum um ferðamenn sem hafa heimsótt Norður- og Austurland, hvernig þeir skipuleggja ferðir sínar, hvaða staði þeir heimsækja og hvort beint millilandaflug frá Akureyri hafi áhrif á ferðamynstur þeirra um landið.

Gagnaöflun hófst í nóvember 2024 og stendur fram á vor 2025. Verkefninu lýkur með útgáfu samantektar vorið 2025.

Umsjón með verkefninu hefur Eyrún Jenný Bjarnadóttir.

### Samfélagsleg áhrif millilandaflugs frá Akureyri

Verkefnið er unnið í samstarfi við Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands, Markaðsstofu Norðurlands og Austurbrú.

Markmið könnunarinnar er að afla upplýsinga um hvernig íbúar upplifa áhrif millilandaflugs á svæðið, hvort það hafi áhrif á þeirra eigin ferðavenjur og hvernig þeir meta ávinninginn af beinu flugi frá Akureyri. Könnunin hófst í árslok 2024 og lýkur henni vorið 2025.

Verkefnið er undir stjórn Þórodds Bjarnasonar, prófessors við Háskóla Íslands, en Eyrún Jenný Bjarnadóttir sérfræðingur RMF hefur umsjón með gagnaöflun.

### Sjálfbær móttökusvæði skemmtiskipa á norðurslóðum: Frá starfsháttum til stýringar

Verkefni styrkt af norska rannsóknaráðinu undir merkjum norsk-rússneska rannsóknasjóðsins. Starfstími verkefnisins var frá september 2020 til desember 2024. Markmið rannsóknarinnar var að kanna svæðisbundna stjórnun og stýringu skemmtiferðaskipa og leita bestu leiða með sjálfbærni að leiðarljósi. Rannsóknin beindist meðal annars að gildandi regluverki og verklagsreglum til stýringar umferðar skemmtiskipa og þjónustu við þau í landi. Rannsóknarsvæðið var Noregur, Ísland og Grænland.

Á árinu 2024 var unnið að birtingu á rannsóknarniðurstöðum á ráðstefnum og í ritrýndum fræðigreinum. Birtar skýrslur verkefnisins má nálgast á [vef RMF](#).

Með verkefnisstjórn íslenska hlutans fóru Ása Marta Sveinsdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Þórný Barðadóttir.



Samstarfsaðilar UPLIFT verkefnisins hittust í Írlandi við upphaf verkefnisins haustið 2024

### UPLIFT: Tækifæri í bókmennta- og kvikmyndaferðþjónustu leyst úr læðingi

UPLIFT (e. Unlocking the potential of immersive literary and film tourism in Europe) er nýtt evrópskt samstarfsverkefni styrkt af evrópsku styrkjaáætluninni Erasmus+ til tveggja ára (2024-2026). RMF leiðir verkefnið fyrir hönd Háskólans á Akureyri en aðrir samstarfsaðilar koma frá fimm fyrirtækjum og menntastofnunum á Írlandi, Danmörku, Litháen og Slóveníu.

Markmið verkefnisins er að leggja áherslu á stafræna lausnir og nýsköpun innan bókmennta- og kvikmyndaferðþjónustu í Evrópu og auka færni ferðþjónustuaðila sem vilja nýta sér tækninýjungar á borð við VR/AR/AI í sínu starfi. Í því skyni munu samstarfsaðilar UPLIFT útbúa kennslufni og halda vinnustofur. Með því vill UPLIFT brúa bilið milli fræðilegrar þekkingar og notkunar þegar kemur að nýtingu sýndarveruleika, gervigreindar og viðbótarveruleika innan bókmennta- og kvikmyndaferðþjónustu. Hægt er að fylgjast með farmvindu verkefnisins á heimasíðu UPLIFT: <https://uplifttourism.eu/>

Fyrsti staðfundur verkefnisins fór fram í Athlone, Írlandi þar sem samstarfsaðilar komu saman til að kynna og undirbúa vinnuna næstu tvö árin. Að fundi loknum á degi eitt var farið í heimsókn í Charleville kastalann í Tullamore þar sem hópurinn fékk leiðsögn um sögu kastalans og hvernig hann hefur verið nýttur sem tókustaður fyrir kvikmyndir og sjónvarpsþætti.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður og Vera Vilhjálmisdóttir, sérfræðingur eru verkefnastjórar fyrir hönd RMF.



Eyrún Jenný kynnti niðurstöður rannsóknarinnar á málþingi Ferðamálastofu og RMF haustið 2024

### Viðhorf Íslendinga til ferðafólks og ferðapjónustu 2023

Rannsóknin sem unnin var fyrir Ferðamálastofu með það að markmiði að meta viðhorf Íslendinga til ferðapjónustu og ferðamanna á landsvísu og eftir einstökum landshlutum. Rannsóknarverkefnið er skilgreint í rannsóknaráætlun Ferðamálastofu 2022-2024 og er hluti af reglubundinni söfnun hins opinbera á tímanlegum, áreiðanlegum og samanburðarhæfum gögnum og greiningum á viðhorfum Íslendinga til ferðapjónustu og ferðamennsku til grundvallar ákvarðanatöku og markmiðasetningu í greininni. Verkefnið fór fram á landsvísu 2014, 2017 og 2019 og þess á milli á nokkrum þéttbýlistöðum. Stuttar kannanir voru gerðar 2021-2022.

Að þessu sinni fór könnunin fram haustið 2023. Niðurstöður voru birtar í samantektarskýrslum fyrir hvern landshluta og í heildarskýrslu með ítarlegri greiningu gagnanna ásamt samanburði við fyrri kannanir sem má nálgast [á vef RMF](#). Verkefninu lauk með kynningu á málþingi Ferðamálastofu og RMF í september 2024.

Umsjón með rannsókninni hafði Eyrún Jenný Bjarnadóttir sérfræðingur RMF en Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri sá um gagnaöflun.

### We Lead: Leiðtogahæfni kvenna í ferðapjónustu

Verkefnið var styrkt af evrópsku styrkjaáætluninni Erasmus+ til tveggja ára (2022-2024). RMF leiddi verkefnið fyrir hönd Háskólans á Akureyri en Kennslumiðstöð HA kom einnig að verkefninu. Aðrir samstarfsaðilar komu frá fimm fyrirtækjum og menntastofnunum á Íslandi, Danmörku, Írlandi og Spáni. Markmið verkefnisins var að útbúa námsefni til að efla leiðtogahæfni kvenna í ferðapjónustu. Verkefnið miðaði jafnframt að því að skapa starfsumhverfi innan ferðapjónustunnar sem stuðlar að jafnræði, jöfnuði og bregst við þörfum samfélagsins, ekki síst þegar kemur að helstu áskorun samtímans sem loftslagsbreytingar af mannavöldum eru.

Síðasti verkefnafundur verkefnisins var haldinn í Kaupmannahöfn í apríl 2024. Verkefninu lauk í september 2024. Hægt er að nálgast allar afurðir verkefnisins á heimasíðu þess, en allar skýrslur og allt kennsluefni We Lead er aðgengilegt á íslensku, ensku og spænsku: <https://weleadproject.eu/>

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður og Vera Vilhjálmsdóttir, sérfræðingur tóku þátt í verkefninu fyrir hönd RMF en þær Auðbjörg Björnsdóttir, forstöðumaður og Bryndís Böðvarsdóttir, verkefnastjóri tóku þátt fyrir hönd Kennslumiðstöðvar HA.



Síðasti verkefnafundur We Lead verkefnisins var haldinn í Kaupmannahöfn þar sem loka mánuðir verkefnisins voru skipulagðir

# RMF á öldum ljósvakans

## Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu

Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu voru til umræðu í Speglinum á RÚV þar sem rætt var við Eyrúnu Jennýju Bjarnadóttur sérfræðing hjá RMF.

Í viðtalinu fór Eyrún yfir niðurstöður rannsóknar um viðhorf Íslendinga til ýmissa þátta ferðaþjónustu hér á landi en meðal þess sem kom fram er að enn ríkir almenn ánægja og jákvæðni í garð ferðamanna og ferðaþjónustu í heimabyggðum. Eyrún áréttaði þó að ekki megi ganga að gestristni heimamanna sem vísun hlut.

Hægt er að hlusta á viðtalið [á vef RÚV](#).



Mynd: RÚV

## Ímynd ferðaþjónustunnar

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður RMF flutti pistil um ímynd í ferðaþjónustu í þættinum Uppástand á RÚV. Þar ræddi hún meðal annars ímynd Íslands sem ferðamannalands og hvernig ferðaþjónusta geti haft áhrif á ímynd áfangastaða.

Hægt er að hlusta á pistilinn [á vef RÚV](#).



Mynd: RÚV

## Rannsóknir og raunheimar - Hlaðvarp um ferðamál

Síðla árs 2024 hóf nýtt hlaðvarp um ferðamál göngu sína sem nefnist *Ferðamál á Íslandi – Rannsóknir og raunheimar*. Hlaðvarpið er á vegum fræðimanna við Háskóla Íslands og fjallar um helstu áskoranir og tækifæri ferðaþjónustunnar með áherslu á faglega og upplýsta umræðu.

Aðstandendur hlaðvarpsins eru Gunnar Þór Jóhannesson prófessor, Magnús Haukur Ásgeirsson aðjúnt og doktorsnemi og Magdalena Falter doktor í ferðamálafræði en þau eru öll kennarar og rannsakendur við námsbraut í land- og ferðamálafræði við Háskóla Íslands. Þau fá til sín fjölbreyttan hóp fólks sem starfar í ferðaþjónustu og vinna með fjölbreytt viðfangsefni tengd greininni.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður RMF, var einn af gestum hlaðvarpsins og fjallaði þar um mikilvægi rannsókna í ferðaþjónustu.

Þættirnir eru aðgengilegir á [YouTube-síðu verkfræði- og raunvísindasviðs Háskóla Íslands](#).

HLAÐVARP

**Ferðamál á Íslandi**  
Rannsóknir og raunheimar

Þáttur 9.  
Rannsóknamiðstöð ferðamála:  
Samstarfsvettvangur til eflingar  
rannsókna

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir



Námsbraut í land- og ferðamálafræði



Stjórnendur hlaðvarpsins, f.h.t.v. Magdalena, Gunnar og Magnús. Mynd: Háskóli Íslands

## RMF á ferð og flugi



Starfsfólk RMF ásamt fylgdarliði á árshátíð HA



Þórný og Eyrún á góðri stundu á NS32 í Stavanger, Noregi



Íris Hrund við gangaöflun í Þjórsárdal sumarið 2024



RMF konur ásamt Bryndísi Huldu Guðmundsdóttur, eiganda Miðhrauns Lava Resort



Vera ásamt Iridu, Paulu og Ásgeiri, samstarfsaðilum í We Lead, á verkefnafundi í Kaupmannahöfn í apríl.



Guðrún Þóra og samstarfsaðilar í UPLIFT heimsóttu Charleville kastala í Tullamore á verkefnafundi í Írlandi í nóvember

# Viðburðir

## Námskeiðsvika um ábyrga ferðapjónustu

Dagana 18-22 mars 2024 stóðu tíu Norrænir háskólar og rannsóknastofnanir, RMF þar á meðal, fyrir námskeiði á netinu um ábyrga ferðapjónustu. Á námskeiðinu voru kynnt sérstök þemu með framsöguræðum, fyrirlestrum, umræðum og vinnustofum. Markmið námskeiðsins var að ná fram norrænni nálgun á ábyrga ferðapjónustu þar sem þátttakendur deildu reynslu sinni og vangaveltum um efnið í vinnustofum og umræðum.

Námskeiðið fór fram á ensku og var haldið í streymi fyrir öll áhugasöm.

## Málstofa um ferðamannaleiðir í dreifbýli

RMF stóð fyrir málstofu um ferðamannaleiðir í dreifbýli á Nordic Symposium on Tourism and Hospitality Research (NS32), árlegri ráðstefnu um norrænar ferðamálarannsóknir, sem að þessu sinni fór fram í Stavanger dagana 18.-20. september 2024. Þórný Barðadóttir og Eyrún Jenný Bjarnadóttir sérfræðingar á RMF skipulögðu málstofuna og kynntu eigin rannsóknir á þessu sviði. Þar að auki voru fimm önnur erindi haldin um efnið. Efnistök þessara erinda varpa ljósi á fjölpætt áhrif vegakerfis og ferðaleiða í ferðapjónustu og uppbyggingu hennar í dreifbýli.

Erindi málstofunnar voru eftirfarandi:

- Pushing and pulling: Research on rural drive tourism - Þórný Barðadóttir og Eyrún Jenný Bjarnadóttir
- Chronotopies of drive tourism through Location-based Social Networks - Carlos Ferreira, Jorge Rocha og Luis Encalada Abarca
- Multipurpose rural roads – user's conflicts and benefits - Ingibjörg Sigurðardóttir
- Ticked off the bucket list? Exploring the North Coast 500's Impact on the Visitor Experience in the Northern Highlands of Scotland - Tarja Salmela
- Mobile heritage tourism with vintage cars and vintage drivers - Reidar J. Mykletun
- Chinese Tourist Road Travel in Iceland - Mou Zhying og Anna Karlsdóttir



Frummælendur á málstofu um ferðamannaleiðir í dreifbýli, f.h.t.v. Reidar J. Mykletun, Ingibjörg Sigurðardóttir, Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Þórný Barðadóttir, Mou Zhying og Carlos Ferreira



Eyrún Jenný og Þórný flytja sitt erindi á málstofunni

## Málstofa um frumkvöðlastarfsemi í ferðapjónustu

RMF stóð fyrir málstofu á 25. ráðstefnu Þjóðarspegilsins sem haldin var dagana 31. október og 1. nóvember í Háskóla Íslands. Málstofan bar heitið Frumkvöðlastarfsemi í ferðapjónustu – sjálfbærni til framtíðar en þar greindu nokkrir íslenskir höfundar kafla úr bókinni Tourism Entrepreneurship: Knowledge and Challenges for a Sustainable Future frá sínum rannsóknum og niðurstöðum.

Málstofan var haldin í Aðalbyggingu Hí föstudaginn 1. nóvember með eftirfarandi erindum:

- Þjónustugæði, orðspor og frammistaða – Magnús Haukur Ásgeirsson og Þórhallur Örn Guðlaugsson
- Vistkerfi frumkvöðla í krísu - Íslensk ferðapjónusta á tímum COVID-19 – Íris Hrunð Halldórsdóttir
- Hvað einkennir starfsemi Airbnb í dreifðum byggðum? - Birgit Leick, Susanne Gretzinger, Jie Zhang, Farhana Yeasmin, Vera Vilhjálmssdóttir og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

## Málstofa um viðhorf Íslendinga

Ferðamálastofa og Rannsóknamiðstöð ferðamála stóðu fyrir málþingi á Grand Hótel Reykjavík, 3. september 2024, þar sem meðal annars voru kynntar niðurstöður rannsókna um viðhorf Íslendinga til ferðafólks og ferðaþjónustu, bæði á landsvísi og eftir einstaka landshlutum. Markmiðið var m.a. að leita eftir vísbendingum um það hvort landsmenn finni fyrir álagi vegna ferðamanna í heimabyggð.

Arnar Már Ólafsson, ferðamálastjóri setti málþingið og því næst voru eftirfarandi erindi flutt:

- Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu: kynning á niðurstöðum rannsókna Ferðamálastofu meðal landsmanna - Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur hjá RMF
- Hvernig þróum við áfangastað í sátt við íbúa - Inga Hlín Pálsdóttir, Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins
- Samfélagsleg áhrif ferðaþjónustu: Ávinningur og áskoranir - Bjarni Guðmundsson, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
- Hafa ferðamenn áhrif á náttúruna - Inga Dóra Hrólfsdóttir, Umhverfisstofnun
- Hverfur íslenskan úr ferðaþjónustunni? Mikilvægi þjóðtungunnar í upplýsingamiðlun - Eiríkur Rögnvaldsson, fv. prófessor í íslensku

Í lokin stjórnuðu Arnar Már og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður RMF, umræðum með frummælendum.



Arnar Már Ólafsson, ferðamálastjóri, setti málþingið



Arnar Már og Guðrún Þóra stjórnuðu umræðum með frummælendum

## Samtal um rannsóknir við Ferðamálastofu og Háskóla

Á vormánuðum efndi RMF til samtals um rannsóknir í ferðámálum með Ferðamálastofu og starfsfólki í land- og ferðamálafræði Háskóla Íslands annars vegar og starfsfólki ferðamálaeildar Háskólans á Hólum hins vegar.

Á fundinum í Háskóla Íslands kynnti Gunnar Þór Jóhannesson, prófessor í ferðamálafræði, rannsóknir sem unnar eru undir hatti Land- og ferðamálafræðistofu sem er rannsóknaveitvangur kennara og annars starfsfólks í land- og ferðamálafræði við Háskóla Íslands. Þá greindu Arnar Már Ólafsson ferðamálastjóri og Heiðrún Erika Guðmundsdóttir, forstöðumaður rannsókn- og tölfraeðisviðs frá helstu rannsóknarverkefnum Ferðamálastofu, rannsóknaráætlun og Mælaborði ferðaþjónustunnar. Einnig ræddi hópurinn um helstu tækifæri og áskoranir í rannsóknum, samstarfi og miðlun rannsókna.

Á fundinum á Hólum sköpuðust einnig líflegar umræður um stöðu rannsókna í ferðámálum og sóknarfæri á því sviði. Það sem fundarmenn höfðu miklar áhyggjur af var sá fjárskortur sem er til rannsókna í ferðámálum og hvað rannsóknarfé til greinarinnar sé takmarkað miðað við umfang og mikilvægi atvinnugreinarinnar hér á landi.



Starfsfólk land- og ferðamálaeildar HÍ ásamt Arnari Má og Heiðrúnu frá Ferðamálastofu og Guðrúnu Þóru, Írisi Hrund og Eyrúnu Jenný frá RMF



Starfsfólk ferðamálaeildar Hóla ásamt Arnari Má og Guðrúnu Þóru

# Lokaverkefnisverðlaun SAF og RMF

Í júní veittu Samtök ferðapjónustunnar (SAF) og Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) verðlaun fyrir framúrskarandi lokaritgerð um ferðamál á Íslandi í 19. sinn. Að þessu sinni hlaut Julia Kienzler verðlaun fyrir MS-ritgerð sína í umhverfis- og auðlindafræði frá líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Guðrún Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður RMF og Pétur Óskarsson formaður SAF afhentu Juliu verðlaunin.

Ritgerð Juliu nefnist „Almannarétturinn á tímum vaxtar ferðamennsku: Sjóðarhorn landeigenda“ (e. Public Right of Access in Times of Tourism Boom: Landowners' Perspectives). Leiðbeinendur Juliu voru Anna Dóra Sæþórsdóttir prófessor og Edda Ruth Hlín Waage dósent við Háskóla Íslands.



Pétur Óskarsson, formaður SAF og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður RMF, veittu Juliu Kienzler verðlaunin

Viðfangsefni ritgerðarinnar voru viðhorf landeigenda á Íslandi til vaxandi ferðamennsku, nauðsynlegrar uppbyggingar vinsælla ferðamannastaða og áhrifa þessa á almannaréttinn. Tekin voru viðtöl við landeigendur á vinsælum ferðamannastöðum sem gáfu innsýn í þær áskoranir sem þeir standa frammi fyrir við stýringu á fjölda ferðamanna og uppbyggingu kostnaðarsamra innviða til að vernda sameiginlega auðlind. Viðtölin sýndu fram á nauðsynlega aðkomu hins opinbera til að styðja við uppbyggingu innviða einkum til þeirra landeigenda sem hafa engan efnahagslegan ábata af komu ferðamanna. Höfundur ályktar að þörf sé á skýrari lagaramma um ferðamennsku á einkalandi og endurskoðun á almannaréttinum hér á landi með hliðsjón af umfangi ferðapjónustunnar.

Dómnefndin sem fékk það hlutverk að fara yfir tilnefnd lokaverkefni í ár var skipuð þeim Vilborgu Helgu Júlíusdóttur fv. hagfræðing SAF, Oddnýju Þóru Óladóttur hjá rannsókn- og tölfraeðisviði Ferðamálastofu og Eyrúnu Jennýju Bjarnadóttur sérfræðingi RMF. Að mati dómnefndar veitir rannsóknin innsýn í þær áskoranir sem landeigendur standa frammi fyrir þegar kemur að aðgerðum sem stuðla að sjálfbærri þróun og leiðum til að takast á við þær. Höfundur fjallar á áhugaverðan hátt um ólík sjónarmið um frelsi til nýtingar náttúrunnar í viðskiptalegum tilgangi og náttúruverndar. Telur dómnefnd að rannsóknin gæti komið að gagni við framtíðarþróun ferðapjónustu hér á landi og verið grunnur fyrir pólitíska umræðu í samfélaginu milli allra hlutaðeigandi hagsmunaaðila, þar með talið ferðapjónustuaðila, almennings, ferðamanna og opinberra aðila.

## Tilnefningar til lokaverkefnisverðlauna SAF og RMF 2024

Fólk á rétt á að fara sér að voða. Aðgerðir stjórnvalda í þágu öryggis ferðamanna sem fara á eigin vegum gangandi eða hjólandi um hálendi Íslands

Erla Sigurðardóttir, MPA-gráða í opinberri stjórnsýslu, stjórn málafræðideild Háskóla Íslands  
Leiðbeinandi: Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

Public Right of Access in Times of Tourism Boom: Landowners' Perspectives

Julia Kienzler, MS-gráða í umhverfis- og auðlindafræði, líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands  
Leiðbeinendur: Anna Dóra Sæþórsdóttir og Edda Ruth Hlín Waage

Vístvæn myrkurgæðaferðapjónusta – Hvernig getur hún gagnast íslenskum ferðapjónustufyrirtækjum?

Magnea Lára Elínardóttir, BA-gráða í ferðamálafræði, Háskólinn á Hólum  
Leiðbeinandi: Kjartan Bollason

„Þú heyrir mig alveg öskra af gleði þegar ég skíða“: Hvati og upplifun fjallaskíðafólks

Hilda Steinunn Egilsdóttir og Kristín Elísabet Skúladóttir, BS-gráða í ferðamálafræði, Háskóli Íslands  
Leiðbeinandi: Anna Dóra Sæþórsdóttir

Þyrluskíðun: Áhrif á umhverfi, efnahag og samfélag í Fjallabyggð

Bryndís Guðjónsdóttir, BS-verkefni í náttúru- og umhverfisfræði, Landbúnaðarháskóli Íslands  
Leiðbeinandi: Ragnhildur Helga Jónsdóttir

# Fréttabrot 2024

## Rögnvaldur Ólafsson - minning

Rögnvaldur Ólafsson, fyrrverandi formaður stjórnar RMF lést þann 1. mars 2024.



Rögnvaldur Ólafsson og Guðrún Þóra á góðri stundu árið 2017

Rögnvaldur gegndi formennskunni árin 2010 – 2017 af miklum krafti og leitaði ýmissa leiða til þess að auka skilning stjórnvalda og atvinnugreinarinnar á mikilvægi rannsókna og aukinnar þekkingarsköpunar í ferðaþjónustu svo hægt væri að undirbyggja stefnumótun og aðgerðir í ferðaþjónustu á traustum vísindalegum gögnum. Auk formennskunnar tók Rögnvaldur þátt í ýmsum rannsóknarverkefnum á sviði ferðamála. Þar bar hæst þróun aðferðafræði við umferðartalningar á áfangastöðum ferðamanna víða um landið. Síðasta verkefnið sem Rögnvaldur vann með RMF var einmitt að sjá um umferðartalningu í rannsókn á ferðamálum á virkjanasvæðinu við Þeistareyki sem unnin var fyrir Landsvirkjun sumarið 2023.

Starfsmenn RMF þakka fyrir gott samstarf á liðnum árum og votta fjölskyldu Rögnvaldar innilegrar samúðar við fráfall hans.

## Fyrsta grein FERNOR gefin út

Tímaritið Ferðamál á norðurlöðum birti fyrstu ritrýndu grein sína í maí. Greinin ber titilinn *Tales from the Frontier of sustainable global connectivity: A typology of Arctic tourism workers*.

Í greininni segja höfundar, þau Charlotte Gehrke og Hannes Hansen-Magnusson, frá rannsókn sem gerð var meðal starfsfólks í ferðaþjónustu á Íslandi, í Noregi og Kanada. Niðurstöður rannsóknar sýna að skipta megi starfsfólki í þrjá flokka: sögumenn, kennara og sérfræðinga.

Líkt og við á um allar útgáfur FerNor tímaritsins, er greinin í opnum aðgangi, án endurgjalds og má nálgast hana [á heimasíðu tímaritsins](#).



## Heimsókn frá Grikklandi



Dr Eleni á ferð um Norðurlandið

Í lok júní 2024 fékk RMF góða heimsókn þegar Dr. Eleni Papadopoulou, prófessor við Aristotle háskólann í Grikklandi hafði hér viðdvöl. Á meðan á heimsókninni stóð átti hún góða fundi með starfsfólki RMF, fulltrúum Háskólans á Akureyri auk ýmissa hagaðila í íslenskri ferðaþjónustu. Eleni tók jafnframt þátt í framkvæmd spurningakönnunar sem RMF stóð fyrir meðal ferðamanna á Melrakkaslétu og á Vatnsnesi í sumar.

RMF þakkar Dr. Eleni heimsóknina!

# Rannsóknasamstarf

## Frumkvöðlastarf og fjölskyldufyrirtæki í ferðaþjónustu (Touref)

Markmið þessa rannsóknarhóps er að efla þekkingu og skilning á frumkvöðlastarfi innan lítilla (fjölskyldu) fyrirtækja í ferðaþjónustu, þýðingu þess og eðli. Desiderio J. García Almeida, frá háskólanum í Las Palmas á Kanaríeyum stýrir hópnum. Íris Hrund Halldórsdóttir hjá Rannsóknamiðstöð ferðamála er starfsmaður hópsins. Að frumkvæði hópsins kom bókin Tourism Entrepreneurship: Knowledge and Challenges for a Sustainable Future út haustið 2024 en bókin var gefin út af Palgrave sem hluti af bókaröð þeirra um markmið um sjálfbæra þróun. Ritstjórar bókarinnar eru allt meðlimir í rannsóknarhópnum.

## Norðurslóðanet Íslands

RMF er einn stofnaðila Norðurslóðanets Íslands - þjónustumiðstöðvar norðurslóðamála. Netið er samstarfsvettvangur stofnana, fyrirtækja og félagsamtaka á Íslandi sem vinna að mállefnum norðurslóða.

## Norrænt rannsóknarnet um skemmtiskiparannsóknir (NCRN)

Samstarfsnet fræðimanna sem fást við rannsóknir á ferðaþjónustu tengdri umferð og heimsóknum skemmtiferðaskipa á norðurhveli.

Rannsóknarverkefni um sjálfbær móttökusvæði skemmtiferðaskipa er unnið undir hatti rannsóknarnetsins auk þess sem rannsakendur innan þess hafa skipulagt málstofur á alþjóðlegum ráðstefnum.

## Norrænt samstarfsnet um eflingu menntunar á sviði ferðamála (TourNord)

RMF er aðili að norrænu samstarfsneti um eflingu menntunar á sviði ferðamála á Norðurlöndunum: TourNord.

Markmið samstarfsnetsins er að stuðla að sjálfbærri þróun ferðaþjónustu á Norðurlöndunum og efla ferðamálanám þannig að nemendur verði reiðubúnir að takast á við áskoranir framtíðarinnar á sviði ferðaþjónustu. Samstarfsnetið er hugsað sem vettvangur fyrir norrænar mennta- og rannsóknastofnanir til þess að miðla vel heppnuðum aðferðum og leiðum til þekkingarþróunar á sviði ferðamála. Á vegum samstarfsnetsins eru haldnir reglulegir vinnufundir í því skyni að stuðla að virkara samstarfi þátttakanda í verkefninu og efla samstarf á sviði náms, nýsköpunar og rannsókna.

TourNord hélt tvo vinnufundi árið 2024, annars vegar í Danmörku í apríl og hins vegar í Svíþjóð í ágúst.

## Rannsóknarhópur um félagsleg áhrif ferðamennsku

Rannsóknarhópurinn á rætur að rekja til ársins 2014 þegar fyrstu kannanir á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu voru gerðar í samstarfi Rannsóknamiðstöðvar ferðamála, Háskólans á Hólum og Ferðamálastofu. Markmið hópsins eru að efla þekkingu og skilning á félagslegum áhrifum ferðamennsku á breiðum grunni.



Eyrún Jenný, Guðrún Helgadóttir, Georgette Leah Burns og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir hittust á NS32 í Stavanger, Noregi en þær skipa rannsóknarhóp um félagsleg áhrif ferðamennsku.

## Rannsóknarnet um akstursferðamennsku á dreifbýlum svæðum (RDTRN)

Rannsóknarnetið RDTRN (Rural Drive Tourism Research Network) er samstarfsvettvangur rannsakenda og fræðafólks um akstursferðamennsku, dreifbýlisferðamennsku og ferðamannaleiðir. Samstarfsnetið var stofnað haustið 2024 í kjölfar málstofu RMF um akstursferðamennsku í dreifbýli á Ráðstefnunni 32. Nordic Symposium on Tourism and Hospitality Research sem haldin var í september í Stavanger, Noregi. Markmið RDTRN er að koma á og fylgja eftir tengslum milli fræðafólks sem þegar vinna að slíkum rannsóknum og þeirra sem áhuga hafa á þessum hluta ferðaþjónustunnar.

Með umsjón rannsóknarnetsins fara Þórný Barðadóttir og Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingar RMF.

## RETHINK BLUE: Samstarfsnet um bláa hagkerfið

Rannsóknamiðstöð ferðamála tekur þátt í alþjóðlegu rannsóknasamstarfsneti er ber heitið Endurskoðun Bláa Hagkerfisins: félags- og vistfræðileg áhrif og tækifæri (Rethinking the Blue Economy: Socio-Ecological Impacts and Opportunities) og tilheyrir COST (European Cooperation in Science & Technology).

Markmið samstarfsnetsins er að meta áhrif og tækifæri sem skapast með bláa hagkerfinu, með áherslu á sjálfbærni.

RMF er partur af vinnuhópi þrjú, Hafnarborgir og strandbyggðir.

Heimasíða verkefnisins: <https://rethinkblue.eu/>


## Samstarfsnet um rannsóknir á eyjasamfélögum á norðurslóðum

RMF er aðili í nýju samstarfsneti um rannsóknir á norðurslóðum. Meginmarkmið samstarfsins er að finna leiðir til að þróa öflug og sjálfbær eyjasamfélög. Að samstarfsnetinu koma 20 aðilar víðs vegar frá Norður-Atlantshafssvæðinu.

## Samtök um ferðamálarannsóknir á norðurslóðum (IPTRN)

Alþjóðleg samtök sérfræðinga á sviði ferðamálarannsókna á heimskautasvæðum. Samtökin leggja áherslu á þekkingarsköpun og -miðun þar sem mismunandi sjónarmið fá hljómgrunn.

## Bókatíðindi 2024



### Frumkvöðlastarf í ferðaþjónustu

Í lok sumars 2024 kom út bókinn *Tourism Entrepreneurship: Knowledge and Challenges for a Sustainable Future* hjá Springer Palgrave. Segja má að bókinn sé skilgetið afkvæmi rannsóknarhópsins Frumkvöðlastarf og fjölskyldufyrirtæki í ferðaþjónustu (Touref) sem RMF heldur utan um en er stýrt af Desiderio J. García Almeida frá háskólanum í Las Palmas á Kanaríeyum. Desiderio er einn af fjórum ritstjórum bókarinnar, hinir eru Gunnar Þór Jóhannesson, prófessor í ferðamálafræði við HÍ, Þórhallur Örn Guðlaugsson, prófessor í viðskiptafræði við HÍ og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður RMF.

Umfjöllunarefni bókarinnar hverfist um frumkvöðlastarf og tengsl þess við sjálfbæra þróun ferðaþjónustu, merkingu þess og birtingarmyndir. Rauði þráður bókarinnar er hlutverk þekkingar til að bregðast við áskorunum sem frumkvöðlar í ferðaþjónustu standa frammi fyrir og hvernig hún stuðlar að sjálfbærri framtíð.

Auk inngangskafla eru tíu kaflar eftir höfunda víðsvegar að, þar á meðal íslenskt fræðafólk frá HÍ, Hólum og RMF.

Bókina má nálgast HÉR.

### Ábyrg ferðaþjónusta á Norðurlöndunum

Haustið 2024 kom út bókinn *Responsible Tourism Best Practices in the Nordic Countries*. Forstöðumaður RMF, Guðrún Þóra, var einn af fjórum ritstjórum bókarinnar en hinir eru: Petra Blinnikka og Minna Tunkkari-Eskelinen, báðar við Háskólann í Jamk, Finnlandi og Ása Grahn, Stavanger háskóla, Noregi.


Í bókinni eru kynnt fjölbreytt dæmi um leiðir til að nálgast ábyrga ferðaþjónustu í verki vítt og breitt um Norðurlöndin. Um er að ræða átta kafla sem skiptast í tvö megin þemu:

- Hæfnisþróun og hlutverk einstaklingsins í þróun ábyrgrar ferðaþjónustu.
- Mikilvægi samstarfs og samvinnu í þróun ábyrgrar ferðaþjónustu.

Í inngangskafla er gefið stutt yfirlit yfir skipulag og stýringu ferðaþjónustunnar í hverju hinna fimm Norðurlandanna fyrir sig og í lokakafla draga ritstjórar saman helstu niðurstöður og horfa til framtíðar. Formála bókarinnar ritaði Harold Goodwin, prófessor emeritus við Manchester Metropolitan University. Harold er sporgöngumaður ábyrgrar ferðaþjónustu og hefur verið framkvæmdstjóri Samtaka um ábyrga ferðamennsku frá upphafi og stofnandi ráðstefnunaðar um ábyrga ferðamennsku.

Háskólinn í Jamk Finnlandi er útgefandi bókarinnar og frumkvæðið að útgáfunni kom frá finnsku samtökunum um ábyrga ferðaþjónustu (ICRT), sem stofnuð voru af Petra Blinnikka einum af ritstjórum bókarinnar. Er þess vænst að bókinn geti nýst jafnt fræðafólki sem og ferðaþjónustuaðilum og fólki í stoðgreinum ferðaþjónustunnar.

Hægt er að nálgast ókeypis rafrænt eintak HÉR.



# Útgefið efni eftir starfsfólk RMF

Ása Marta Sveinsdóttir og Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2024). „Erfiðir vegir til að viðhalda og lagast ekki við aukna umferð“: Athugun á hlutverki Vegagerðarinnar í ferðaþjónustu. Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Barðadóttir, Þ., & Lund, K. A. (2024). "Few people and the birds". Negotiating tourism development and more-than-human hospitality on the margin. *World Leisure Journal*, 66(4), 617–635.

Barðadóttir, Þ. (2024). Melrakkaslétta the Meeting-Ground: Performing Qualitative Research at the Tourism Margin. In: Thorsteinsson, B., Lund, K.A., Jóhannesson, G.T., Jóhannessdóttir, G.R. (eds) *Mobilities on the Margins. Creative Processes of Place-Making*. Palgrave.

Blinnika, P., Gunnarsdóttir, G.Þ., Grahns, Å., Tunkkari-Eskelinen, M., Åberg, K., and Liburd, J. (2024). An Overview of Responsible Tourism in the Nordic Countries. In P. Blinnika, Å. Grahns, G.Þ. Gunnarsdóttir, and M. Tunkkari-Eskelinen (eds.) *Responsible Tourism Best Practices in the Nordic Countries*, 14-34. Jamk University of Applied Sciences.

Blinnika, P., Grahns, Å., Gunnarsdóttir, G.Þ., Tunkkari-Eskelinen, M., Åberg, K., and Liburd, J. (2024). Reflections, Lessons Learned and Future Directions. In P. Blinnika, Å. Grahns, G.Þ. Gunnarsdóttir, and M. Tunkkari-Eskelinen (eds.) *Responsible Tourism Best Practices in the Nordic Countries*, 186-190. Jamk University of Applied Sciences.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2024). Viðhorf íbúa á Austurlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu 2023. Ferðamálastofa.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2024). Viðhorf íbúa á höfuðborgarsvæðinu til ferðamanna og ferðaþjónustu 2023. Ferðamálastofa.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2024). Viðhorf íbúa á Norðurlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu 2023. Ferðamálastofa.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2024). Viðhorf íbúa á Suðurlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu 2023. Ferðamálastofa.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2024). Viðhorf íbúa á Suðurnesjum til ferðamanna og ferðaþjónustu 2023. Ferðamálastofa.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2024). Viðhorf íbúa á Vestfjörðum til ferðamanna og ferðaþjónustu 2023. Ferðamálastofa.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2024). Viðhorf íbúa á Vesturlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu 2023. Ferðamálastofa.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2024). Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2023 - Heildarskýrsla. Ferðamálastofa.

Halldórsdóttir, Í.H., Jóhannesson, G.Þ. & Walmsley, A. (2024). Entrepreneurial ecosystem in crisis– Icelandic tourism in times of COVID-19. In D. J. G. Almeida, G.Þ. Jóhannesson, G.Þ. Gunnarsdóttir, Þ.Ö. Guðlaugsson (Eds.). *Tourism Entrepreneurship: Knowledge and Challenges for a Sustainable Future*. Palgrave.

Irene Carbone. (2024). It's in our DNA". SMETs' Resilience in Akureyri. Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Jóhannesson, G.T., García-Almeida, D.J., Gunnarsdóttir, G.Þ., and Guðlaugsson, T.O. (2024). Tourism Entrepreneurship: Knowledge and Challenges for a Sustainable Future. In D. J. García-Almeida, G.Þ. Gunnarsdóttir, G. T. Jóhannesson, and T.O. Guðlaugsson (eds.) *Tourism Entrepreneurship: Knowledge and Challenges for a Sustainable Future*, 1-10. Palgrave.

Laufey Haraldsdóttir og Ása Marta Sveinsdóttir. (2024). Ábyrg eyjaferðaþjónusta: Sjálfbær uppbygging ferðaþjónustu í Grímsey og Hrísey. Rannsóknamiðstöð ferðamála

Leick, B., Gretzinger, S., Zhang, J., Yeasmin, F., Vilhjalmsdóttir, V., and Gunnarsdóttir, G. Þ. (2024). Airbnb Hosts and Their Contribution to Sustainability Through Entrepreneurship and Consumption: Research Gaps and an Exploratory Study in Nordic Tourist Destinations. In D. J. García-Almeida, G.Þ. Gunnarsdóttir, G. T. Jóhannesson, and T.O. Guðlaugsson (eds.) *Tourism Entrepreneurship: Knowledge and Challenges for a Sustainable Future*, 87-108. Palgrave.

Leick, B., Mitchell, S. B., Borowiecki, K. J., Vinogradov, E., Gunnarsdóttir, G. Þ., Zhang, J., Gretzinger, S., & Vilhjalmsdóttir, V. (2024). Professionalisation and performance of Airbnb hosts in rural regions. *International Journal of Hospitality Management*, 118, 103680.

Vera Vilhjalmsdóttir. (2024). Airbnb í dreifbýli. Samantekt á niðurstöðum norrænnar rannsóknar. Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Vera Vilhjalmsdóttir og Hjalti Jóhannesson. (2024). Hverahlíð II og Meitlar. Greining og mat á áhrifum nýrra rannsókna- og vinnsluhola ferðaþjónustu og útivist. Rannsóknamiðstöð ferðamála.

# Fyrirlestrar og erindi



Ferðamenn við Jökulsárlón

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. 1. nóvember 2024. *Samspil Vegagerðarinnar og ferðaþjónustu: Beinn og breiður vegur?*. Fyrirlestur á Rannsóknaráðstefnu Vegagerðarinnar. Hilton Reykjavík Nordica.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. 11. janúar 2024. *Upplifun og viðhorf heimamanna til skemmtiferðaskipa*. Kynning í streymi á vetrarfundi Húsavíkurstofu.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. 3. september 2024. *Hvað finnst Íslendingum um ferðamenn og ferðaþjónustu?*. Fyrirlestur á málþingi Ferðamálastofu og RMF um viðhorf Íslendinga. Grand hótél.

Georgette Leah Burns, Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Guðrún Helgadóttir. 19. september 2024. *Keeping Calm on the Tourism Roller-Coaster. Resident Attitudes and Perceptions of Social Impacts over Time*. Fyrirlestur á 32. Nordic Symposium on Tourism and Hospitality Research. Clarion Hotel Energy, Stavanger, Noregi.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Vera Vilhjálmisdóttir, Brigit Leick, Susanne Gretzinger, Jie Zhang, Farhana Yeasmin. 1. nóvember 2024. *Hvað einkennir starfsemi Airbnb í dreifðum byggðum*. Erindi flutt á Þjóðarspegli 2024, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Vera Vilhjálmisdóttir. 3. júní 2024. *Aukin hlutdeild kvenna í leiðtogastörfum í ferðaþjónustu: kynning á nýju kennsluefni*. Kynning í streymi.

Vera Vilhjálmisdóttir. 11. júní 2024. *Kvikmyndatengd ferðaþjónusta á Íslandi*. Fyrirlestur í upptöku fyrir námskeiðið Rannsóknir á menningu og skapandi greinum í landsbyggðum, Háskólinn á Bifröst.

Vera Vilhjálmisdóttir og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. 25. september 2024. *Mikilvægi þess að efla leiðtogahæfni kvenna í ferðaþjónustu*. Kynning í streymi á fyrirlestraröð Ferðamáladeildar Háskólans á Hólum.

Vera Vilhjálmisdóttir. 11. október 2024. *Reynsla af Lump sum Erasmus+ verkefni*. Erindi flutt á upphafsfundum verkefnastjóra Erasmus+, Hilton Nordica, Reykjavík.


Þórný Barðadóttir. 7. júní 2024. *Where to go from here? Tourist routes and drive-tourism in the rural sub-Arctic*. Erindi flutt á 8. ráðstefnu International Polar Tourism Research Network (IPTRN), Lapland, Svíþjóð. 5.-9. júní, 2024

Þórný Barðadóttir og Eyrún Jenný Bjarnadóttir. 19. júní 2024. *The Ring Road, Tourism Routes and Tourist Mobilities in Iceland*. Erindi flutt á Erasmus viðburði á vegum Coimbra háskóla, Portúgal. 19. júní 2024.

Þórný Barðadóttir og Eyrún Jenný Bjarnadóttir. 18. september, 2024. *Pushing and pulling: Research on rural drive tourism*. Erindi flutt á 32. Nordic Symposium on Tourism and Hospitality Research, Stavanger, Noregi. September 17-19.

Þórný Barðadóttir. 16. október, 2024. *Research on Arctic (Cruise) Tourism. The Icelandic Tourism Research Centre*. Erindi flutt á viðburði á vegum UiT háskóla, Tromsø, Noregi og Trent háskóla, Kanada. Akureyri, 14.-17. október 2024.

# Rekstrarreikningur ársins 2024



Snæfellsjökull séð frá Hellissandi

|                                                 | Fjárhagsáætlun<br>2024 | Fjárhagsáætlun<br>2023 | Raun/<br>áætlun | Rauntölur<br>2024  | Rauntölur<br>2023    |
|-------------------------------------------------|------------------------|------------------------|-----------------|--------------------|----------------------|
| <b>Rekstrartekjur:</b>                          |                        |                        |                 |                    |                      |
| 00 Sértekjur .....                              | 78.804.000             | 74.100.001             | 102%            | 80.561.620         | 71.951.762           |
|                                                 | <u>78.804.000</u>      | <u>74.100.001</u>      | <u>102%</u>     | <u>80.561.620</u>  | <u>71.951.762</u>    |
| <b>Rekstrargjöld:</b>                           |                        |                        |                 |                    |                      |
| 01 Laun og launatengd gjöld .....               | 64.297.152             | 62.332.567             | 100%            | 64.517.724         | 62.780.469           |
| 02 Ferðir og fundir .....                       | 3.938.000              | 3.968.504              | 62%             | 2.446.286          | 2.296.105            |
| 03 Rekstrarvörur .....                          | 969.000                | 1.027.996              | 107%            | 1.040.626          | 746.206              |
| 04 Aðkeypt þjónusta .....                       | 6.592.000              | 5.529.998              | 149%            | 9.825.991          | 9.102.402            |
| 05 Húsnæði .....                                | 2.904.000              | 3.150.000              | 100%            | 2.904.000          | 3.150.000            |
|                                                 | <u>78.700.152</u>      | <u>76.009.065</u>      | <u>103%</u>     | <u>80.734.627</u>  | <u>78.075.182</u>    |
| 071 Afskriftir .....                            | 0                      | 0                      | 0%              | 0                  | 0                    |
|                                                 | <u>78.700.152</u>      | <u>76.009.065</u>      | <u>103%</u>     | <u>80.734.627</u>  | <u>78.075.182</u>    |
| <b>Rekstrarhagnaður (tap) án fjármagnsliða</b>  | 103.848                | ( 1.909.064 )          | -167%           | ( 173.007 )        | ( 6.123.420 )        |
| <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>      |                        |                        |                 |                    |                      |
| 072 Vextir, gengismunur, bætur og skattar ..... | 0                      | 0                      | 0%              | 124.405            | 342.771              |
|                                                 | <u>0</u>               | <u>0</u>               | <u>0%</u>       | <u>124.405</u>     | <u>342.771</u>       |
| <b>Hagnaður (tap) ársins .....</b>              | <u>103.848</u>         | <u>( 1.909.064 )</u>   | <u>-286%</u>    | <u>( 297.412 )</u> | <u>( 6.466.191 )</u> |



Hjálparfoss í Þjórsárdal



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA

---

ICELANDIC TOURISM  
RESEARCH CENTRE

2025